

# Héraðsdómur Vestfjarða

Dómur 11. nóvember 2022

Mál nr. S-24/2022:

## Lögrelustjórinn á Vestfjörðum

(Sigurður Hólmur Kristjánsson lögrelustjóri)

gegn

X

(Kristján Óskar Ásvaldsson lögmaður)

## Dómur

### I

Mál þetta sem dómtekið var 14. október 2022 var höfðað með ákæru lögrelustjórans á Vestfjörðum 5. mars 2022 og framhaldsákæru 28. mars 2022 gegn X, kt. [...], [...], [...], „fyrir hegningarlagabrot og brot gegn barnaverndarlögum, sem hér segir:

### I.

Fyrir brot í nánu sambandi gagnvart eiginkonu sinni, A, kt. [...], á árunum 2014 til 2021, á sameiginlegu heimili þeirra í [...] og á Íslandi, endurtekið og á sérstaklega sársaukafullan, meiðandi og alvarlegan hátt, ógnað lífi, heilsu og velferð hennar með andlegu og líkamlegu ofbeldi, hótunum, þvingunum og frelsissviptingu svo sem hér nánar greinir:

1. Þann 21. apríl 2014, á heimili þeirra að [...] í [...], hafa beitt hana líkamlegu ofbeldi þegar hún var ófrísk, með því að hrinda henni í gólfið, þrýsta hné sínu í maga hennar og grípa um háls hennar og þrengja að, með þeim afleiðingum að hún átti í erfiðleikum með að kyngja í nokkra daga og hlaut hún einnig maráverka á hálsi og á sama tíma hóta henni lífláti ef hún færi út af heimili þeirra án hans fylgdar í nokkra daga eftir atvikið.

2. Í eitt skipti í september 2016, á heimili þeirra að [...] í [...], lamið hana í andlitið með banana, sagt að hún væri lág í sykri og skipað henni að borða bananann.

3. Í eitt skipti í byrjun maí 2017, á heimili þeirra að [...] í [...], beitt hana andlegu ofbeldi með því að niðurlægja hana á heimili þeirra með því að öskra á hana, banna henni að þrífa maís sem hún hafði misst á gólfið með tusku og þvinga hana til þess að borða maísinn af gólfinu á meðan hann horfði á og kallaði hana ömurlega.

4. Í eitt skipti í enda ágúst 2018, á heimili þeirra að [...] í [...], þvingað hana til heimilisverka og neitað henni um aðstoð þegar hún var fótbrotin og kvalin. Á meðan hafi

hann beitt hana andlegu og líkamlegu ofbeldi, niðurlægt hana með því að gera grín að henni, hrækja á hana og sparkað í síðu hennar.

5. Í nokkur skipti frá árinu 2016 og til loka sambands þeirra 2021 hótað henni lífláti og lýst því hvernig hann myndi framkvæma það, sagt að hann myndi gefa henni of mikið insúlín með fjarstýringu sem stýrir inngjöf, með þeim afleiðingum að hún óttaðist um líf sitt, heilsu og velferð.

6. Á árunum 2016 og til loka sambands þeirra árið 2021 hótað að hann myndi lesa öll gögn um hana í sjúkraskrá með þeim afleiðingum að hún var mjög hrædd við að greina heilbrigðisstarfsfólki frá andlegu og líkamlegu ofbeldi af hans hendi.

7. Í eitt skipti þegar hún var ófrísk, sumarið 2016, beitt hana ofbeldi í kynlífsathöfn þeirra með því að bíta fast í geirvörtu hennar svo að hún öskraði af sársauka.

8. Í nokkur skipti niðurlægt hana í kynlífsathöfnum, með því að hrækja á hana, kalla hana mellu, slá hana og hæðast að frammistöðu hennar.

9. Í eitt skipti í byrjun árs 2020, að heimili þeirra að [...] á [...], læst A inni á baðherbergi þrátt fyrir að vita að hún var lág í sykri, hlegið að henni og farið með börnin niður á hæðina fyrir neðan, með þeim afleiðingum að hún óttaðist um líf sitt.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum og liður I.1. ákærunnar einnig við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

## II.

Fyrir brot í nánu sambandi og brot gegn barnaverndarlögum, gagnvart börnum sínum, B, kt. [...], C, kt. [...] og D, kt. [...], framin á árunum 2014 til 2021, á heimili þeirra í [...] og á Íslandi nema annað sé tekið fram, með því að hafa endurtekið og á sérstaklega sársaukafullan, meiðandi og alvarlegan hátt, ógnað lífi, heilsu og velferð þeirra með líkamlegu og andlegu ofbeldi, og með þeirri háttsemi sinni ítrekað misboðið þeim þannig að heilsu þeirra var hætta búin, sýnt af sér vanvirðandi háttsemi, ruddalegt og ósiðlegt athæfi gagnvart þeim og móðgað þau og sært m.a. svo sem hér nánar greinir:

1. Í nokkur skipti á sameiginlegu heimili þeirra í [...] og á Íslandi, beitt þær allar líkamlegu ofbeldi með því að slá þær á fingur í refsingarskyni.

2. Í nokkur skipti á sameiginlegu heimili þeirra í [...] og á Íslandi, lokað þær allar, saman eða í sitthvoru lagi, inni í herbergi eða þvottaherbergi þar sem þær komust ekki út sjálfar í refsingarskyni sem olli þeim kvíða og vanlíðan.

3. Í eitt skipti í september 2018, í bifreið þeirra í [...], beitt C líkamlegu ofbeldi með því að slá hana flötum lófa í höfuðið.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum og 1., sbr. 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, með áorðnum breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í málinu eru gerðar eftirfarandi einkaréttarkröfur:

Ólöf Heiða Guðmundsdóttir, lögmaður, fyrir hönd A, kt. [...], gerir þá kröfu að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 4.000.000 auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 31.12.2013, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags.

Ólöf Heiða Guðmundsdóttir, lögmaður, fyrir hönd A, kt. [...], vegna ólögráða dóttur hennar, D, kt. [...], gerir þá kröfu að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 1.500.000 auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 2.9.2018, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags.

Ólöf Heiða Guðmundsdóttir, lögmaður, fyrir hönd A, kt. [...], vegna ólögráða dóttur hennar, C, kt. [...], gerir þá kröfu að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 1.500.000 auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 5.7.2016, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags.

Ólöf Heiða Guðmundsdóttir, lögmaður, fyrir hönd A, kt. [...], vegna ólögráða dóttur hennar, B, kt. [...], gerir þá kröfu að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 1.500.000 auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 26.11.2014, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags.

## II

Málið var þingfest 15. mars 2022 og fór fram aðalmeðferð í því 8.–10. júní sl. Var dómur ekki kveðinn upp í kjölfar hennar. Kom nýr dómari að málinu í byrjun september sl. og fór fram aðalmeðferð í því að nýju 12.–14. október sl.

Fyrir fyrri aðalmeðferð í málinu lagði ákærvaldið fram bókun með leiðréttingum á heimilisföngum og tímasetningum á tilteknum atburðum í ákæru. Nánar tiltekið var ákærulið I 3) breytt á þá leið að þeir atburðir sem þar er lýst hafi átt sér stað í maí 2014 að [...] og ákærulið I.9) breytt á þá leið að þeir atburðir sem þar er lýst hafi átt sér stað í mars 2020 að [...].

Ákærði skilaði greinargerð í málinu. Hann neitar sök og krefst sýknu, til vara að ákærulið I 8) verði vísað frá dómi en til þrautavara að honum verði gerð svo væg refsing sem lög leyfa. Hann krefst þess að bótakröfum verði vísað frá dómi, til vara að hann verði sýknaður af bótakröfum en til þrautavara að bætur verði dæmdar lægri en krafist er. Þá krefst ákærði hæfilegra málsvarnarlauna til handa verjanda.

### III

#### *Málsatvik*

Ákærði og brotapolinn A kynntust árið 2013 og giftu sig árið 2014. Þau bjuggu í [...] frá árinu 2014 til ársins 2019 en fluttu þá til [...]. Þau eiga þrjár dætur, B, fædda árið [...], C, fædda árið [...], og D, fædda árið [...].

Rannsókn máls þessa hófst 10. apríl 2021 í kjölfar þess að brotapolinn A kom á lögreglustöðina á [...] og greindi frá því að ákærði hefði beitt sig andlegu og líkamlegu ofbeldi um margra ára skeið. Kvaðst hún óttast um líf sitt og heilbrigði vegna þessa. Þá kvað hún ákærða einnig hafa beitt dætur þeirra líkamlegu og andlegu ofbeldi. Í skýrslu sem tekin var af brotþola daginn eftir hjá lögreglu lýsti hún ofbeldi ákærða í sinn garð nánar. Lýsti hún því þar að hann hefði m.a. ítrekað slegið hana, sparkað í hana, hrint henni, gripið í hana, tekið hana hálstaki og haldið henni nauðugri innan veggja heimilisins þegar hún hafi verið með sýnilega áverka eftir hann. Þá hafi hann þvingað hana til heimilisstarfa þegar hún var fótbrotin, hótad henni lífláti, þrýst hné sínu í maga hennar þegar hún var ólétt, lítilsvirt hana og smánað með ljótu orðbragði og hrækt á hana.

Skýrsla var tekin af ákærða hjá lögreglu 11. apríl 2021. Hann neitaði sök. Hann kvaðst hafa tjáð brotþola að hann vildi skilja við hana. Hafi hún þá hótad því að hann fengi ekki að hitta dætur þeirra og í framhaldi af því rokið á dyr og sagst ætla að tala við lögregluna. Ákærði kvað brotþola einhvern tímann hafa tekið myndir af áverkum sem hún hefði hlotið sjálf og hótad að hún myndi sýna þær ef á þyrfti að halda. Kvað ákærði brotþola hafa einu sinni hlotið mar af hans völdum en það hafi verið árið 2014. Hafi hún ráðist á hann þegar hún var lág í insúlíni og hann haldið henni frá sér. Við það hafi hún hlotið áverka. Hann kvaðst aldrei hafa lagt hendur á dætur þeirra nema hvað hann hafi slegið á fingur þeirra þegar þær gerðu eitthvað sem þær mættu ekki gera.

Brotapolinn B gaf skýrslu í Barnahúsi 5. maí 2021. Sagði hún að pabbi hennar væri vondur og læsti þær systur inni í herbergi og öskraði á litlu systur hennar þegar hún væri að gráta. Aðspurð sagði hún að þær væru ekki lokaðar lengi inni. Sagði hún pabba þeirra ekki vilja að þær færu út nema með hans leyfi. Aðspurð um hvað þær gerðu í herberginu sagði hún að þær biðu. Aðspurð sagði hún að þegar mamma hennar skammaði þær systur þá talaði hún við þær og segði að maður gerði ekki svona. Hún kvað pabba sinn hins vegar öskra á þær og læsa þær inni. Hún sagði að sér liði ekki vel þegar hún væri læst inni. Aðspurð um hvort pabbi hennar hafi slegið á fingur þeirra systra kvað hún svo vera. Hann hafi gert það við sig og C og hann einnig gert það þegar D vildi ekki borða matinn sinn. Kvað hún hann oft hafa slegið D með þessum hætti en sjaldnar sig og C. Aðspurð kvað hún pabba sinn ekki vera góðan við móður hennar, hann hafi ýtt henni og slegið hana í andlitið. Sagði hún að mömmu liði ekki vel þegar pabbi gerði þetta við hana. Hún sagði einnig að pabbi hennar hefði slegið C, systur hennar, í andlitið þegar hún var lítil. Hélt hún að hún hefði séð það en var þó ekki viss um það. Aðspurð um það hvort einhver hafi verið búinn að segja henni hvað hún ætti að segja í skýrslutökunni kvað hún mömmu sína hafa sagt sér *pinkulítið* hvað hún ætti að segja. Hafi hún sagt sér að segja frá því að pabbi þeirra systra læsti þær inni.

Brotapolinn C gaf skýrslu í Barnahúsi 4. maí 2021. Kvaðst hún telja að hún væri mætt þangað vegna þess að pabbi hennar væri alltaf að slá þær systur. Sagði hún að pabbi sinn væri ekki góður, hann hafi bæði slegið hana og læst inni. Hafi hann læst þær inni mörgum sinnum, B þrisvar og D tvisvar. Hún kvað ýmist mömmu sína eða pabba opna fyrir þeim. Hún kvað pabba þeirra slá þær systur í höfuðið. Hafi hann slegið hana tvisvar til þrisvar. Þá kvað hún hann slá mömmu þeirra. Sagði hún að pabbi hennar segði mömmu hennar að gera eitthvað og skammaði hana svo þótt hún gerði það sem hann segði henni að gera. Hún sagði að það væri vont þegar hann slægi hana. Hún kvað pabba þeirra næstum alltaf slá þær systur í höfuðið. Aðspurð um það hvort ákærði hefði slegið í fingurna á þeim systurum kvað hún hann hafa gert það nokkrum sinnum.

Í málinu liggur fyrir bréf vitnisins E, þáverandi deildarstjóra á leikskólanum [...], dagsett 27. apríl 2021. Þar kemur fram að brotapolinn C hafi talað um það við starfsmenn leikskólans frá því í ársbyrjun 2021 að pabbi hennar væri vondur og hafi læst hana inni. Hafi hún verið mjög ákveðin í því og viss í sinni sök.

Í málinu liggur fyrir bréf vitnisins F, félagsráðgjafa í Kvennaathvarfinu, dagsett 30. apríl 2021, til lögreglunnar á Vestfjörðum. Kemur þar fram að brotapolinn A hafi komið til dvalar í Kvennaathvarfinu 26. apríl 2021 ásamt dætrum sínum. Væri ástæða fyrir komu hennar andlegt, líkamlegt, stafrænt og kynferðislegt ofbeldi af hálfu eiginmanns hennar. Er í bréfinu lýst nánar því ofbeldi sem brotapolinn A kvaðst hafa orðið fyrir. Sagði hún að eiginmaður hennar kenndi henni um allt sem miður færi og krefðist afsökunarbeiðni hennar. Ef afsökunarbeiðnir hennar væru ekki rétt fram settar

hafi hún átt það á hættu að framlengja óánægju hans. Þá hafi hann krafist þess að fá aðgang að öllum samfélagsmiðlum hennar. Hafi brotaþoli einnig sagt frá því að hún hafi ekki getað neitað eiginmanni sínum um kynferðislegar athafnir. Þá hafi hann beitt hana líkamlegu ofbeldi og hafi hún hlotið af m.a. mar og blóðnasir. Einnig liggur fyrir í málinu bréf umræddrar F til barnaverndarnefndar [...], dagsett 29. apríl 2021. Fylgir því viðtalsnóta hennar vegna viðtals við brotaþolana C og B. Kemur þar fram að þær hafi lýst föður sínum sem *vondum og ljótum* og væri hann alltaf reiður og að lemja og öskra. Hafi hann líka lamið þær og móður þeirra. Þá hafi þær lýst því hvernig hann hafi læst þær inni í herbergi. Þá kváðu þær hann stundum hafa bannað þeim að borða. Þá hafi þær lýst því í smáatriðum hvernig pabbi segði stundum við mömmu að hún væri ekki búin að gera eitthvað eða hún gerði ekki nógu vel.

Í málinu liggur fyrir bréf vitnisins G til lögreglunnar á Vestfjörðum, dagsett 23. október 2021, en brotaþolum var vísað til hennar í fjölskyldumeðferð af Kvennaathvarfinu. Kemur þar fram að brotaþolinn A hafi sýnt greinilega mikla þreytu og dapurleika og tjáð mikið hjálparleysi í tengslum við samskipti við ákærða. Hafi hún þó sinnt dætrum sínum vel og af mikilli natni. Dætur hennar hafi einnig sýnt þreytu og vanlíðan. Kom fram í bréfi vitnisins að það teldi mikilvægt að fara varlega í sakirnar þegar kæmi að umgengni ákærða við stúlkurnar.

Í málinu liggur fyrir greinargerð vitnisins H félagsráðgjafa vegna aðkomu geðheilsuteymis Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða að málum brotaþolans A, dagsett 10. nóvember 2021. Kemur þar fram að hún hafi í viðtölum lýst ofbeldi ákærða. Kemur m.a. fram í greinargerðinni að brotaþoli muni þurfa áframhaldandi aðstoð til að vinna úr þeim áföllum sem hún hafi orðið fyrir.

Í málinu liggur fyrir réttarlæknisfræðileg matsgerð vitnisins I, réttarmeinafræðings, dagsett 21. desember 2021, en honum var falið að leggja mat á áverka á tveimur ljósmyndum af áverkum á brotaþolanum A. Var niðurstaða hans sú að útlit marsins benti til þess að það hafi komið til vegna þrýstings. Kvað hann óþægindi í hálsi við kyngingu vera vel þekktan fylgikvilla eftir tak um hálsinn.

Í málinu liggur fyrir vottorð vitnisins J, sálfræðings í Barnahúsi, dagsett 12. janúar 2022, vegna brotaþolans B. Kemur m.a. fram í niðurstöðu hennar að þegar talið bærisk að föður brotaþolans sýndi brotaþoli merki um streitu og vanlíðan. Væri það þekkt einkenni hjá börnum sem hafi lent í áfalli og þurft að rifja upp þá reynslu.

Í málinu liggur fyrir vottorð vitnisins K sálfræðings, dagsett 5. maí 2022. Þar kemur fram að brotaþolinn A hafi komið í viðtöl til hennar í apríl og maí 2022. Lýsti A í þeim stigvaxandi ofbeldi sem hún kvaðst hafa orðið fyrir af hálfu eiginmanns síns frá árinu 2014. Hafi að hennar sögn verið um að ræða ítrekað og alvarlegt andlegt og líkamlegt ofbeldi. Taldi vitnið hana stríða við mikil og alvarleg einkenni áfallastreituröskunar sem gætu verið hamlandi í daglegu lífi. Þá hafi brotaþoli lýst því

hvernig dætur þeirra hafi orðið fyrir andlegu ofbeldi af hálfu föður síns. Kemur fram í vottorðinu það mat vitnisins að ekkert bendi til þess að þessi alvarlegu einkenni áfallastreituröskunar, þunglyndis eða kvíða hafi verið til staðar áður en ofbeldi af hálfu eiginmanns hennar hófst.

Í málinu liggur fyrir vottorð vitnisins L læknis, dagsett 11. maí 2022. Lýsir hún þar viðtali sem hún átti við brotapolann A þann 23. apríl 2021. Hafi A þar lýst kvíðaköstum sem hún hafi ekki stjórn á. Hafi hún greinilega verið undir miklu andlegu álagi sem brotist hafi út sem kvíði en einnig hafi verið grunur um áfallastreituröskun.

#### IV

##### *Skýrslur fyrir dómi*

Í skýrslu sinni fyrir dómi kvað ákærði mál þetta vera tálmunarmál í grunninn sem byggðist á því að eiginkona hans vildi græða á skilnaði þeirra. Hann kvaðst hafa kynnst henni síðla árs 2012 og hafi þau síðan hafið samband sitt 2013. Hafi þau fljótlega flutt til [...] þar sem ákærði hefði hafið sérnám í læknisfræði. Hafi þau gift sig árið 2014 og ættu nú þrjár dætur, B, fædda árið [...], C, fædda árið [...], og D, fædda árið [...]. Hafi samband þeirra gengið vel fyrstu árin en frá og með árinu 2018 hafi farið að síga á ógæfuhliðina. Hafi brotapolí verið mjög neikvæð gagnvart fjölskyldu hans og hafi hann verið viðkvæmur fyrir því. Þá hafi hún verið mjög neikvæð og erfið í skapi þegar meðlimir fjölskyldu hans hafi heimsótt þau til [...]. Hafi [...] hennar orðið til þess að sveiflur í skapi hafi orðið meiri en ella. Hafi hún tekið skapofsaköst og kastað hlutum í hann og í vegg. Kvað hann óöryggi og kvíða vera í henni sem hafi brotið hana niður. Hafi hún ekki verið heil fyrir samband þeirra. Ákærði kvað hana hafa sagt að ef þau myndu skilja myndi hún sjá til þess að hann fengi ekki að sjá börnin og að hún myndi ljúga upp á hann ofbeldi í því skyni. Ákærði kvað brotapola hafa takið ýmis sálfræðipróf meðan þau voru í [...] sem bent hefðu til þess að hún væri haldin þráhyggju og árattu. Hafi það m.a. lýst sér í því að hún hafi talið hann vera að halda framhjá sér með tilteknum konum.

Ákærði kvað brotapola hafa fótbrotnað árið 2018. Hafi hún þá ráðist á hann og lamið með hækju. Hafi hún beðist afsökunar síðar sama dag og kennt lágum blóðsykri um. Hafi hann því fyrirgefið henni þetta. Árið 2019 hafi amma hans komið til [...] að heimsækja þau. Hafi brotapolí komið afar illa fram við hana sem orðið hafi til þess að hann hafi fengið nóg. Hafi hann sent henni tölvupóst og rætt þar um skilnað. Hafi hún þá beðist afsökunar og viljað halda sambandinu áfram. Þau hafi síðan flutt til Íslands og keypt sér hús og allt hafi þá virst í lagi. Sumarið 2020 hafi hún síðan að einhverju leyti losnað úr tengslum við veruleikann. Hafi hann m.a. staðið hana að því að ljúga upp á móður sína í skilaboðum til vinkonu sinnar. Þau hafi síðan átt samtál í nóvember 2020 og hafi hann þá sagt við hana að hann vildi skilja við hana. Hann telji að þá hafi einhver

atburðarás farið í gang. Hann hafi farið til [...] að vinna 20. janúar 2021 og fljótlega eftir að hann hafi komið til baka hafi brotaþoli kært hann til lögreglu.

Ákærði var spurður um einstaka ákæruliði.

Varðandi ákærulið I 1) þá kvað ákærði hann ekki réttan. Þvert á móti hafi brotaþoli ráðist á sig. Hafi hún verið lág í sykri, líklega eftir göngutúr sem þau hafi farið í skömmu áður með dætrunum. Hann hafi tekið á móti í fáti og gripið í hana til að halda henni frá sér. Hafi hann verið með marbletti eftir þessi átök. Hann mundi ekki hvort hún hefði verið með marbletti.

Varðandi ákærulið I 2) þá kannaðist ákærði ekki við að hafa slegið brotaþola með banana. Kvaðst hann hins vegar oft hafa sagt henni að fá sér banana til að bregðast við sykurfalli.

Ákærði kannaðist ekki við brot það sem lýst er í ákærulið I 3).

Varðandi ákærulið I 4) þá kvað ákærði eiginkonu sína vera að búa til lygasögu í kringum þessi þrif. Kannaðist hann ekki við það brot sem þar er er lýst.

Varðandi ákærulið I 5) þá kannaðist ákærði ekki við að hafa nokkurn tímann hótad brotaþola lífláti.

Varðandi ákærulið I 6) þá kannaðist ákærði ekki við að hafa framið það brot sem þar er lýst. Þá kvað hann brotaþola aldrei hafa sagt þetta hjá lögreglu. Sagði ákærði að þetta væri heldur ekki hægt í [...] þar sem sjúkraskrár væru ekki samtengdar.

Ákærði kannaðist ekki við að hafa beitt ofbeldi í kynlífi með þeim hætti sem lýst er í ákærulið I 7). Sagðist hann myndu muna það ef það hefði gerst.

Ákærði kannaðist ekki við að hafa framið það brot sem lýst er í ákærulið I 8). Benti hann á að brotaþoli myndi ekki eftir því á hvaða tungumáli hann hefði kallað hana mellu sem gerði frásögn hennar ótrúverðuga. Hann viðurkenndi að hafa hrækt á brotaþola í kynlífsathöfnum þeirra einhvern tímann árið 2015 en kvað það hafa verið gert að hennar ósk. Kvaðst hann einnig hafa haft þvaglát á hana og rassskellt hana að hennar ósk og hún hafi einnig rassskellt hann. Þá kvað hann þau hafa farið í hlutverkaleiki í kynlífi sínu.

Varðandi ákærulið I 9) þá kannaðist ákærði ekki við að hafa framið það brot sem þar er lýst og benti á að þar hefði meintri staðsetningu brotsins verið breytt undir rekstri málsins.

Varðandi brot sem ákært er fyrir í ákærulið II 1) þá kannast ákærði við að hafa slegið á fingur dætra sinna. Það hafi hann hins vegar ekki gert í refsingarskyni. Hefði þetta verið snerting til að hafa áhrif á hegðun, sem hluti af samræðu. Hefði hann slegið á fingur þeirra með boginni löngutöng eða vísifingri til að ná athygli þeirra og fá þær til að hætta slagsmálum sín á milli.

Varðandi brot það sem ákært er fyrir í ákærulið II 2) þá kvaðst ákærði aldrei hafa lokið dætur sínar inni í refsingarskyni. Byggi þessi liður á gölluðum skýrslum í Barnahúsi. Hafi hann notað þessa uppeldisaðferð, *time out*, með þeim hætti sem

viðurkennt er. Hafi hann notað hana þegar dæturnar voru æstar þannig að taka þá eina þeirra út úr hópnum og láta í einveru í stutta stund til að róa hana niður. Kvað hann alrangt að það hefði verið í 15–20 mínútur svo sem brotapolinn A fullyrti. Þá kvað hann þau hjónin hafa staðið saman að því að beita þessari uppeldisaðferð og hafi þau skipst á um að opna aftur fyrir dætrunum.

Varðandi brot það sem lýst er í ákærulið II 3) þá neitaði ákærði alfarið sök og kvað þetta aldrei hafa átt sér stað.

Brotapolinn A gaf skýrslu fyrir dómi. Hún kvaðst hafa kynnst ákærða árið 2012 og þau hafi hafið sambúð 2013. Brotapoli kvað þau hafa flutt oft. Hafi ákærði verið mjög stjórnsamur og ásakað hana oft og skammað, auk þess sem hann hefði bannað henni að hitta ákveðna vini og ákveðið hvernig hún væri klædd. Einnig hafi hann ákveðið hvenær þau fóru á fætur og hvenær matartímar voru. Hafi hann einnig oft beitt þögnum í sambandi þeirra. Þá hafi hann beitt hana líkamlegu ofbeldi sem hafi versnað í gegnum samband þeirra. Þá hafi hann bæði slegið dætur þeirra og lokað þær inni. Hafi þetta farið versnandi þar til hún fór til lögreglu. Brotapoli kvað ákærða hafa komið því þannig fyrir að hún hafi þurft að biðja hann um peninga. Hann hafi haft aðgang að bankareikningi hennar og því séð hvað hún gerði í þessum efnum. Brotapoli kvað líkamlegt ofbeldi ákærða í sinn garð upphaflega hafa birst í því að hann ýtti við henni en í maí eða júní 2013 hafi hann einnig klemmt tá hennar milli stafs og hurðar viljandi og bannað henni að fara til læknis í kjölfarið.

Um brot það sem lýst er í ákærulið I 1) sagði brotapoli að þau hefðu verið að rífast eftir kvöldmat. Hann hefði þá í kjölfarið ráðist á hana og tekið hana kverkataki. Hafi hún daginn eftir tekið myndir sem hún hlaut eftir þá árás.

Varðandi ákærulið I 2) þá kvað brotapoli ákærða hafa slegið sig með banana í andlitið er þau voru að rífast. Hafi hann fullyrt að blóðsykur hennar væri lágur en hún sýnt honum að svo væri ekki.

Varðandi brot það sem lýst er í ákærulið I 3) þá kvað hún ákærða hafa þvingað sig til að borða maís af gólfínu, svo sem þar er lýst. Hafi hann sagt hana vera eins og *idjót* og að hún ætti að muna þetta.

Um brot það sem lýst er í ákærulið I 4) þá kvað brotapoli ákærða hafa þvingað sig til að þrífa umrætt hús þrátt fyrir að hún hefði verið fótbrotin og langt komin á meðgöngu. Þá hafi hann gert grín að henni og kallað hana aula.

Um ákærulið I 5) þá kvað hún ákærða hafa hóttað að drepa hana með því að veita henni of stóran skammt af insúlíni.

Um brot það sem lýst er í ákærulið I 6) þá hafi ákærði hóttað að lesa sjúkraskrár hennar og þess vegna hafi hún veigrað sér við að segja heilbrigðisstarfsfólki sannleikann.

Varðandi brot sem lýst er í ákærulið I 7) kvað brotþoli ákærða hafa bitið í geirvörtu sína í kynlífi þeirra árið 2016. Hafi hann verið full og hafi henni þótt hann vera að senda henni þau skilaboð að hún ætti að gera eins og hann vildi.

Varðandi ákærulið I 8) þá kvað brotþoli ákærða oft hafa niðurlægt sig í kynlífsathöfnum þeirra. Hafi hann hrækt á hana og lamið og kallað sig illum nöfnum. Hún mundi ekki á hvaða tungumáli hann kallaði hana mellu.

Varðandi ákærulið I 9) þá kvað brotþoli það hafa gerst eins og þar er lýst, ákærði hafi lokað sig inni og hlegið að sér, þrátt fyrir að vita að hún væri lág í sykri þannig að hún hafi óttast um líf sitt.

Varðandi brot það sem lýst er í ákærulið II 1) þá kvað brotþoli ákærða iðulega hafa slegið dætur þeirra í fingurna í refsingarskyni. Mundi hún síðast eftir því árið 2021. Hann hafi þá slegið á fingur þeirrar minnstu með flötum lófa.

Varðandi brotið sem lýst er í ákærulið II 2) þá kvað brotþoli ákærða hafa lokað dætur þeirra inni í refsingarskyni. Þegar þær hafi verið óhlýðnar hafi hann lokað þær eina í einu í 15–20 mínútur í senn. Hafi þær barist um og öskrað þegar þær hafi vitað hvað stæði til. Hafi þær ekki farið inn af sjálfsdáðum heldur hafi ákærði ýtt þeim inn. Hafi þær ekki getað opnað sjálfar. Hafi verið læst að utan í [...] en í húsinu á Íslandi hafi hurðin verið stíf og erfitt að opna hana.

Varðandi ákærulið II 3) þá kvað brotþoli ákærða hafa slegið eina dóttur þeirra í höfuðið í bifreið. Hafi hún verið [...] ára.

Aðspurð kvað brotþoli dæturnar hafa verið lokaðar inni jafn mikið þegar móðir hennar var í heimsókn og á öðrum tímum. Aðspurð um hvers vegna hún hefði ekki sagt sálfræðingi sínum árið 2016 frá því að ákærði hefði hótad að drepa hana kvaðst hún hafa óttast ákærða. Hún kvað ákærða hafa lamið sig fyrir framan dæturnar. Aðspurð um hvers vegna hún hefði ekki sagt það hjá lögreglu kvaðst hún hafa gert það. Ákærði hafi ýtt henni fyrir framan dæturnar. Aðspurð um hvort hún hafi beðið ákærða að slá sig í kynlífi þeirra kvaðst hún hafa gert það. Hafi hún beðið um að vera flengd. Hann hafi hins vegar slegið hana fastar en hún vildi og hafi hún sagt ákærða það eftir á. Þá hafi hann haft þvaglát á hana einu sinni með hennar samþykki. Hún kvaðst ekki hafa slegið ákærða í kynlífi þeirra. Nánar aðspurð um framburð sinn hjá lögreglu þar sem hún kvaðst hafa slegið hann í kynlífi þeirra kvað hún mögulegt að hún hafi flengt hann.

Vitnið I réttarmeinafræðingur gaf símaskýrslu fyrir dómi. Hann staðfesti matsgerð sína sem fyrir liggur í málinu. Hann kvað myndir sem brotþoli sagðist hafa tekið af sjálfri sér daginn eftir að ákærði hefði ráðist á hana sýna marbletti sem stöfuðu að öllum líkindum af þrýstingi sem hefði verið beitt af krafti. Að öllum líkindum hefði verið um að ræða tak um hálsinn. Hann gat ekki fullyrt hvort viðkomandi hefði mögulega verið að halda brotþola frá sér. Hann kvað minna sennilegt að áverkarnir stöfuðu af höggi, frekar hefði verið um að ræða tak eða þrýsting.

Vitnið M, lögreglumaður nr. [...], gaf skýrslu fyrir dómi. Aðspurður um myndamöppu sem sýndu áverka á brotþola kvaðst hann hafa kannað hvenær þær væru teknar. Hefði það verið 22. apríl 2014.

Vitnið G, þroskaþjálfari og fjölskyldumeðferðarfræðingur, gaf símaskýrslu fyrir dómi. Hún staðfesti bréf sitt sem fyrir liggur í málinu um meðferð á börnum ákærða. Hún kvað stúlkunum hafa verið vísað til sín frá Kvennaathvarfinu. Hafi þeim ekki liðið vel. Hafi vanlíðan og kvíði verið áberandi og áfallaeinkenni. Þá hafi þær átt erfitt með að einbeita sér og ekki viljað tala um pabba sinn. Hafi hún ekki vitað baksöguna þá. Kvað hún frásagnir móður og stúlkna trúverðugar og að hún teldi brýnt að fara varlega í umgengni. Kvað hún rannsóknir sýna að það yrði að fara varlega í að vinna úr áföllum af þessu tagi. Kvað hún stúlkurnar vera hræddar við pabba sinn. Hún kvaðst ekki hafa hitt ákærða í máli þessu.

Vitnið F, félagsráðgjafi í Kvennaathvarfinu, gaf skýrslu fyrir dómi gegnum fjarfundabúnað. Hún staðfesti bréf sín sem fyrir liggja í málinu og viðtalsnótu vegna viðtals við brotþolana C og B, dætur ákærða. Hafi komið fram í viðtalinu við þær að þær væru hræddar við föður sinn. Sögðu þær hann lemja bæði sig og mömmu þeirra. Kvað vitnið þær hafa verið mjög trúverðugar og að ekkert hafi bent til að þeim hafi verið lögð orð í munn. Hún kvað ástæðu þess að þær hefðu komið saman í viðtal vera þá að þær hafi viljað það frekar.

Vitnið E, fyrrverandi deildarstjóri á leikskólanum [...], gaf skýrslu fyrir dómi um fjarfundabúnað. Staðfesti hún bréf sitt til lögreglunnar á [...], sem fyrir liggur í gögnum málsins. Kvað hún brotþolann C, dóttur ákærða, hafa talað um það frá ársbyrjun 2021 að pabbi væri vondur við sig og að hann hefði læst sig inni. Hafi starfsmenn leikskólans ekki vitað hvernig þau ættu að taka á þessu. Hafi þau gætt þess sérstaklega að leggja henni ekki orð í munn. Hafi þau rætt þetta við móður C sem hefði ekki útskýrt þetta á nokkurn hátt.

Vitnið K sálfræðingur gaf símaskýrslu fyrir dóminum. Hún staðfesti vottorð sitt um brotþolann A sem fyrir liggur í málinu. Kvað hún brotþola hafa borið merki áfallastreituröskunar. Hafi hún ekki upplifað sig örugga heldur upplifað depurð og skömm. Hefði hún lýst miklu andlegu ofbeldi. Benti ekkert til annars en að hún segði satt og rétt frá. Kvað hún brotþola hafa komið fyrst til sín í apríl 2022. Hún kvaðst ekki hafa kynnt sér eldri gögn um brotþola.

Vitnið J, sálfræðingur í Barnahúsi, gaf skýrslu fyrir dóminum gegnum fjarfundabúnað. Hún staðfesti vottorð sitt um brotþolann B, dóttur ákærða, sem fyrir liggur í málinu. Hún kvað brotþola hafa sýnt streitumerki og vanlíðan þegar talið hafi borist að föður hennar. Hafi hún sagt hann vera vandan og að hann slægi þær systur og lokaði inni á baðherbergi. Hún kvaðst hafa hitt móður B og sýndist samskipti þeirra vera í lagi.

Vitnið N gaf skýrslu fyrir dóminum. Vitnið er vinkona brotaþolans A. Hún kvað brotaþola fyrst hafa greint sér frá ofbeldi ákærða árið 2021. Hafi brotaþoli sagt henni að dæturnar væru hræddar við þabba sinn og að hann skammaði þær og lokaði inni. Þá hefði hann beitt brotaþola fjárhagslegri kúgun og hafi hún m.a. ekki mátt kaupa sér bíl.

Vitnið L læknir gaf símaskýrslu fyrir dóminum. Hún staðfesti læknisvottorð sitt sem fyrir liggur í málinu. Kvaðst hún hafa átt viðtal við brotaþolann A þar sem hún hafi lýst heimilisofbeldi af hálfu eiginmanns síns. Hafi hún þróað með sér áfallastreituröskun. Hafi henni þótt sem lífi sínu væri ógnað og endurupplifað það sem gerðist. Hafi hún sagt að hún hafi þjáðst af kvíða og depurð og hafi því verið sett á kvíðalyf.

Vitnið O gaf skýrslu fyrir dóminum gegnum fjarfundabúnað. Hann kvaðst búa á [...] og þekkja ákærða og brotaþolann A. Hann kvað brotaþolann A hafa komið til sín í ágúst 2020 vegna slæms ástands á heimili hennar. Hafi hún virkað brotin, óttaslegin og niðurbrotin. Hafi hún farið yfir margt sem gerst hefði hjá þeim hjónum. Hafi hún t.d. sagt að hún hafi verið þvinguð til þess af ákærða að sleikja upp mat og hafi ekki aðgang að peningum þeirra hjóna. Þá ætti ákærði það til að loka dætur þeirra inni. Hún hafi síðan skipt um ham þegar ákærði hafi nálgast og virkað þá í lagi. Vitnið kvað brotaþola hafa verið glaða og skemmtilega þegar hann þekkti hana áður. Sagði hann brotaþolann A hafa sagt við sig að ákærði hefði læst hana inni í þrjár vikur meðan það sá á henni eftir ákærða.

Vitnið H félagsráðgjafi gaf skýrslu fyrir dóminum gegnum fjarfundabúnað. Hún staðfesti greinargerð sína sem fyrir liggur í málinu. Hún kvað brotaþolann A hafa lýst fyrir sér ofbeldi af hálfu eiginmanns síns, bæði gegn henni sjálfri og dætrum þeirra. Hafi hún farið yfir tímalínuna og atburði. Kvaðst vitninu hafa þótt frásögn brotaþola trúverðug. Aðspurð kvaðst vitnið ekki hafa kynnt sér fyrri sálfræðigögn varðandi brotaþolann A.

Vitnið P gaf skýrslu fyrir dóminum gegnum fjarfundabúnað. Hún kvaðst þekkja ákærða og brotaþolann A. Kvaðst hún hafa kynnst henni 2012 og honum eitthvað fyrr. Hafi hana lengi grunað að ekki væri allt í lagi í sambandinu. Hafi ákærði t.d. látið brotaþola undirbúa giftingu þeirra þrátt fyrir að hún væri bæði ólétt og með [...]. Þá hafi ákærði gagnrýnt hana oft og mikið. Það hefði þó ekki verið fyrr en árið 2021 sem brotaþolinn A hafi sagt henni frá ofbeldi ákærða í hennar garð. Hafi þær rætt um mögulegan skilnað og hafi brotaþolinn A verið hrædd um að fá ekki dæturnar ef til skilnaðar kæmi. Hafi hún sagt vitninu frá því að ákærði hafi lokað dæturnar inni og að hann hafi haft aðgang að öllum bankareikningum hennar.

Vitnið R gaf skýrslu fyrir dómi gegnum fjarfundabúnað. Hún kvaðst þekkja ákærða og brotaþolann A. Kvað hún brotaþolann A vera gamla vinkonu sína. Kvað hún þær tala saman vikulega eða með tveggja vikna millibili. Kvað vitnið brotaþola hafa sagt sér frá erfiðleikum í hjónabandinu, fyrst 2016. Hafi brotaþoli sagt ákærða koma illa fram við sig og að hún væri hrædd við hann. Hafi hún sagt frá því að hún hefði verið niðurlægð

af ákærða. Hafi hann að sögn brotþola hótað að fara frá henni, sagt hana vera slæma móður og að hún væri vitlaus, þar til hún hafi farið að trúa því sjálf. Þá hafi hann að sögn brotþola refsað dætrum þeirra og lokað þær inni. Þá hafi brotþoli sagt ákærða hafa beitt sig líkamlegu ofbeldi. Hafi hún m.a. sagt að hann hafi tekið hana kyrkingartaki. Taldi vitnið vera sex ár síðan brotþoli hefði sagt sér það. Þá hafi hún sagt við vitnið að ákærði hafi þvingað sig til að hreinsa íbúð er hún var fótbrotin og langt komin á meðgöngu. Minntist vitnið þess ekki að brotþoli hafi nefnt að ákærði hafi beitt hana ofbeldi þá.

Vitnið S gaf símskýrslu fyrir dómi, en hún er móðir brotþolans A. Hún kvað samskipti ákærða og brotþola hafa verið góð fyrstu árin en þau hafi síðan tekið að versna. Hafi ákærði átt það til að gera mikið úr smáatriðum svo rifrildi hafi orðið úr. Hún kvaðst þó aldrei hafa séð hann beita hana líkamlegu ofbeldi. Kvaðst hún hafa orðið vitni að því að ákærði hefði læst dætur sínar inni í þvottahúsi. Aðspurð kvað hún geta passað að það hefði verið í u.þ.b. fimm mínútur. Vitnið kvað samskipti ákærða og brotþola hafa verið mjög stíð sumarið 2020 þegar hún hafi dvalið hjá þeim um skeið. Hafi hún ekki orðið vitni að neinu ofbeldi og einbeitt sér að stúlkunum. Kvað hún brotþola hafa sagt sér í nóvember 2020 að hún vildi skilja við ákærða. Hún mundi eftir tilviki þegar ákærði og brotþoli hefðu verið að þrifa hús og að hún hefði verið kölluð til þeirra til að færa brotþola lyf. Hafi brotþoli þá verið grátandi. Hafi síðar komið í ljós að brotþoli hafi verið fótbrotin.

Vitnið T gaf símaskýrslu fyrir dómi, en hún er fyrrum nágranni ákærða og brotþola í [...]. Hún kvað oft hafa verið mikil læti frá íbúð þeirra. Hafi hún ekki heyrt að um væri að ræða ofbeldi gegn einhverjum, en læti þó. Hafi verið um að ræða nokkur tilvik, fleiri en tvö. Kvaðst hún aldrei hafa séð áverka á brotþola.

Vitnið U gaf skýrslu fyrir dómi gegnum fjarfundabúnað, en hann er bróðir ákærða. Hann kvaðst aldrei hafa orðið vitni að ofbeldi á heimili ákærða og brotþola. Kvað hann brotþola hafa reiðst stundum og öskrað á ákærða.

Vitnið V gaf skýrslu fyrir dómi gegnum fjarfundabúnað, en hún er móðir ákærða. Lýsti hún slæmum samskiptum fjölskyldunnar við brotþola og reiðiköstum hennar.

Vitnið Y gaf skýrslu fyrir dómi gegnum fjarfundabúnað, en hún er amma ákærða. Hún kvaðst hafa dvalið hjá ákærða og ekki orðið vör við annað en að samskipti ákærða við dætur hans væru góð. Þá kveðst hún ekki hafa orðið vör við neitt ofbeldi af hálfu ákærða. Þá lýsti hún reiðiköstum brotþola.

Vitnið Þ gaf skýrslu fyrir dómi gegnum fjarfundabúnað, en hann er vinur ákærða. Hann kvaðst hafa þekkt ákærða frá árinu 2005. Hann hafi gist hjá ákærða á heimili hans á [...] sumarið 2020. Kvað hann samskipti ákærða við dætur sínar hafa verið góð og að ákærði hafi sinnt heimilisstörfum í umrætt sinn.

### *Niðurstæða*

Ákærði í máli þessu er ákærður fyrir brot í nánu sambandi, annars vegar í I. kafla ákæru með því að hafa í níu tilvikum brotið gegn eiginkonu sinni og hins vegar í II. kafla ákæru með því að hafa í þremur tilvikum brotið gegn dætrum sínum.

### *I. kafli ákæru*

Brot ákærða í I. kafla ákæru eru heimfærð undir 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með áorðnum breytingum og liður I.1) ákærunnar einnig undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt umræddri 1. mgr. 218. gr. b skal hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, sæta fangelsi allt að sex árum. Var ákvæðið lögfest með lögum nr. 23/2016 sem tóku gildi 30. mars 2022. Kom fram í athugasemdum með frumvarpi til umræddra laga að lagt væri til að tekið yrði upp sérstakt ákvæði í almenn hegningarlög sem fjalli um ofbeldisbrot í nánum samböndum þar sem áhersla sé lögð á það ógnarástand sem sú tegund ofbeldis geti skapað og þá langvarandi andlegu þjáningu sem því geti fylgt. Hafi ákvæðið það að markmiði að tryggja þeim sem þurfi að þola alvarlegt eða endurtekið ofbeldi af hálfu nákominna meiri og beinskeyttari réttarvernd en gildandi refsilöggjöf geri. Líkamsmeiðingaákvæði almennra hegningarlaga nái eðli málsins samkvæmt einungis til líkamlegs ofbeldis en ekki til andlegs ofbeldis, svo sem kúgana, hótana eða niðurlæginga, sem sé algeng birtingarmynd ofbeldis í nánum samböndum. Hinu nýja ákvæði sé ætlað að taka á þessum vanda og með því sé horfið frá því að líta á ofbeldi í nánum samböndum sem samansafn einstakra tilvika og athyglin færð á þá viðvarandi ógn og andlega þjáningu sem það hefur í för með sér. Verði ofbeldisbrot í nánum samböndum virt heildstætt og eftir atvikum án þess að sanna þurfi hvert og eitt tilvik fyrir sig.

Í ákæru í máli þessu er brotum ákærða í I. kafla ákæru lýst þannig að hann hafi „endurtekið og á sérstaklega sársaukafullan, meiðandi og alvarlegan hátt, ógnað lífi, heilsu og velferð“ brotaþola „með andlegu og líkamlegu ofbeldi, hótunum, þvingunum og frelsissviptingu svo sem hér nánar greinir“. Í framhaldinu eru meint brot ákærða talin upp í níu liðum. Er það mat dómsins að þar sem tiltekið er í ákæru að ákærði hafi framið umrædd brot svo sem hér nánar greinir sé ákæran eingöngu bundin við þau tilvik sem á eftir koma en ekki heildarháttsemina, svo sem mögulega hefði mátt ákæra fyrir, miðað við það sem að var stefnt með umræddum lögum frá 2016. Er því dómurinn í máli þessu bundinn við það í umfjöllun sinni um I. kafla ákæru að fjalla um afmörkuð tilvik sem þar

eru rakin og í framhaldi af því hvort þau falli í heild sinni undir umrætt ákvæði 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga.

Við meðferð sakamála gildir sú grundvallarregla, skv. 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008, að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð séu fram við meðferð máls fyrir dómi. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu og verður ákærði því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. téðra laga. Dómari metur síðan einnig hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Þá þarf í máli af þessum toga aðgreint og sjálfstætt sönnunarmat að jafnaði að fara fram um hvert og eitt meint brot og verður sakfelling fyrir eitt ekki notuð til sönnunar um sök í öðru, þótt hún kunni að geta gefið ákveðna vísbendingu um hvatir ákærða. Verður því í aðalatriðum að fara fram sjálfstætt sönnunarmat um hvern lið ákæru fyrir sig og rökstuðningur dómsins að miðast við það. Um þetta má vísa til röksemda í dómum Hæstaréttar Íslands í málum nr. 359/2002, 658/2007 og 488/2014.

Fjölmörg vitni gáfu skýrslur í málinu fyrir dómi. Eru mörg þeirra tengd ákærða eða brotþola. Þá eru framburðir þeirra um einstök tilvik ákæru í nánast öllum tilvikum og í öllum aðalatriðum byggðir á endursögn brotþola eða ákærða. Verður að meta framburði þeirra með hliðsjón af því. Þá gáfu fjölmargir meðferðar- og stuðningsaðilar brotþola skýrslu í málinu. Fyrir liggur hins vegar að allir hittu þeir brotþola fyrst eftir að þeir atburðir sem lýst er í ákæru áttu sér stað og eftir að brotþolinn A lagði fram kæru á hendur ákærða í málinu. Getur því enginn þeirra borið um þau einstöku tilvik sem ákært er fyrir í málinu nema samkvæmt síðari tíma endursögn brotþola. Verður að meta bæði framburði þeirra og greinargerðir og vottorð sem fyrir liggja í málinu í því ljósi.

Verður þá vikið að einstökum ákæruliðum I. kafla ákæru.

Í ákærulið I 1) er ákærði ákærður fyrir að hafa beitt brotþola líkamlegu ofbeldi 21. apríl 2014 á heimili þeirra með því að hrinda henni í gólfið, þrýsta hné sínu í maga hennar og grípa um háls hennar og þrengja að, með þeim afleiðingum að hún átti í erfiðleikum með að kyngja í nokkra daga og hlaut hún einnig maráverka á hálsi og á sama tíma hóta henni lífláti ef hún færi út af heimili þeirra án hans fylgdar í nokkra daga eftir atvikið.

Í málinu liggja fyrir ljósmyndir af brotþola sem hún kveðst hafa tekið daginn eftir umrædda árás ákærða. Ákærði neitar sök en kveðst þó muna eftir umræddum átökum. Sagði ákærði að brotþoli hefði ráðist á sig í umrætt sinn og að hann hefði gripið til hennar í fátí til að verja sig. Að öðru leyti kannaðist ákærði ekki við þá atburðarás sem lýst er í umræddum ákærulið.

Frásögn brotþola fær stuðning í þeim ljósmyndum sem liggja fyrir í málinu. Hefur lögregla staðfest við rannsókn á uppruna þeirra að þær séu frá þeim tíma sem brotþoli kveður umrædda árás brotþola hafa átt sér stað. Staðfesti vitnið I réttarmeinafræðingur í skýrslu sinni fyrir dómi að umræddar ljósmyndir af brotþola sýndu marbletti sem stöfuðu að öllum líkindum af þrýstingi sem hefði verið beitt af krafti. Taldi hann að allar líkur væru fyrir því að um hefði verið að ræða tak um hálsinn. Þá kom fram í framburði vitnisins R, vinkonu brotþola, fyrir dómi, að brotþoli hefði sagt henni frá því fyrir u.þ.b. sex árum að ákærði hafi tekið hana kyrkingartaki.

Með vísan til þessa telur dómurinn að komin sé fram fullnægjandi sönnun fyrir því að ákærði hafi gripið um háls brotþola og þrengt að með þeim afleiðingum sem lýst er í ákæru. Gegn neitun ákærða telst hins vegar ekki sannað að ákærði hafi hrint brotþola í gólfið, þrýst hné sínu í maga hennar og hótað henni lífláti ef hún færi af heimili þeirra án fylgdar hans í nokkra daga.

Í ákærulið I 2) er ákærða gefið að sök að hafa lamið brotþola í andlitið með banana í september 2016, sagt að hún væri lág í sykri og skipað henni að borða bananann. Ákærði neitar sök. eru ákærði og brotþoli ein til frásagnar um það sem gerðist í umrætt sinn. Telur dómurinn í þessu ljósi að ákæruvaldinu hafi ekki tekist, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa skv. 109. gr. laga nr. 88/2008, að færa sönnur á að hann hafi gerst sekur um umrætt brot. Er því ákærði sýknaður af broti gegn umræddum ákærulið.

Í ákærulið I 3) er ákærða gefið að sök að hafa beitt brotþola andlegu ofbeldi í maí 2014 með því að niðurlægja hana á heimili þeirra með því að öskra á hana, banna henni að þrifa maís sem hún hafði misst á gólfið með tusku og þvinga hana til þess að borða maísinn af gólfinu á meðan hann horfði á og kallaði hana ömurlega. Ákærði neitar sök. eru ákærði og brotþoli ein til frásagnar um það sem gerðist í umrætt sinn. Byggja framburðir vitna sem fyrir liggja um þetta á endursögn brotþola mörgum árum síðar. Telur dómurinn í þessu ljósi að ákæruvaldinu hafi ekki tekist, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa skv. 109. gr. laga nr. 88/2008, að færa sönnur á að hann hafi gerst sekur um umrætt brot. Er því ákærði sýknaður af broti gegn umræddum ákærulið.

Í ákærulið I 4) er ákærða gefið að hafa í eitt skipti í enda ágúst 2018, á heimili hans og brotþola, þvingað hana til heimilisverka og neitað henni um aðstoð þegar hún var fótbrotin og kvalin. Á meðan hafi hann beitt hana andlegu og líkamlegu ofbeldi, niðurlægt hana með því að gera grín að henni, hrækja á hana og sparkað í síðu hennar. Ákærði neitar sök. eru ákærði og brotþoli ein til frásagnar um það sem gerðist í umrætt sinn nema hvað móðir brotþola segist hafa séð hana gráta í umrætt sinn. Þá kom fram í framburði vitnisins R, vinkonu brotþola, fyrir dómi að þegar brotþoli hafi sagt henni frá því að ákærði hefði þvingað hana til að þrifa íbúð þegar hún hafi verið fótbrotin hafi

hún ekki minnst á að hafa verið beitt ofbeldi í því sambandi. Að öðru leyti byggja framburðir vitna sem fyrir liggja um þetta á endursögn brotþola mörgum árum síðar. Telur dómurinn í þessu ljósi að ákærvaldinu hafi ekki tekist, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa skv. 109. gr. laga nr. 88/2008, að færa sönnur á að hann hafi gerst sekur um umrætt brot. Er því ákærði sýknaður af broti gegn umræddum ákærulið.

Í ákærulið I 5) er ákærða gefið að sök að hafa í nokkur skipti frá árinu 2016 og til loka sambands þeirra 2021 hótað henni lífláti og lýst því að hann myndi gefa henni of mikið insúlín með fjarstýringu sem stýrir inngjöf, með þeim afleiðingum að hún óttaðist um líf sitt, heilsu og velferð. Ákærði neitar sök. eru ákærði og brotþoli ein til frásagnar um þetta. Byggja framburðir vitna sem fyrir liggja um þetta á endursögn brotþola mörgum árum síðar. Telur dómurinn í þessu ljósi að ákærvaldinu hafi ekki tekist, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa skv. 109. gr. laga nr. 88/2008, að færa sönnur á að hann hafi gerst sekur um umrætt brot. Er því ákærði sýknaður af broti gegn umræddum ákærulið.

Í ákærulið I 6) er ákærða gefið að sök að hafa frá árinu 2016 og til loka sambands þeirra árið 2021 hótað að hann myndi lesa öll gögn um hana í sjúkraskrá með þeim afleiðingum að hún hafi verið mjög hrædd við að greina heilbrigðisstarfsfólki frá andlegu og líkamlegu ofbeldi af hans hendi. Ákærði neitar sök. eru ákærði og brotþoli ein til frásagnar um þetta. Byggja framburðir vitna sem fyrir liggja um þetta á endursögn brotþola mörgum árum síðar. Telur dómurinn í þessu ljósi að ákærvaldinu hafi ekki tekist, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa skv. 109. gr. laga nr. 88/2008, að færa sönnur á að hann hafi gerst sekur um umrætt brot. Er því ákærði sýknaður af broti gegn umræddum ákærulið.

Í ákærulið I 7) er ákærða gefið að sök að hafa í eitt skipti þegar brotþoli var ófrísk, sumarið 2016, beitt hana ofbeldi í kynlífsathöfn þeirra með því að bíta fast í geirvörtu hennar svo að hún öskraði af sársauka. Ákærði neitar sök. eru ákærði og brotþoli ein til frásagnar um það sem gerðist í umrætt sinn. Telur dómurinn í þessu ljósi að ákærvaldinu hafi ekki tekist, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa skv. 109. gr. laga nr. 88/2008, að færa sönnur á að hann hafi gerst sekur um umrætt brot. Er því ákærði sýknaður af broti gegn umræddum ákærulið.

Í ákærulið I 8) er ákærða gefið að sök að hafa í nokkur skipti niðurlægt brotþola í kynlífsathöfnum, með því að hrækja á hana, kalla hana mellu, slá hana og hæðast að frammistöðu hennar. Ákærði neitar sök. Hann viðurkennir þó að hafa bæði slegið brotþola og hrækt á hana í kynlífsathöfnum þeirra. Kveður hann það hafa gerst árið

2015. Það hafi hins vegar verið að ósk brotaþola. Fram kom hjá brotaþola fyrir dómi að ákærði og brotaþoli hafi flengt hvort annað í kynlífsathöfnum sínum með samþykki beggja. Hún kvað hann hins vegar slegið sig fastar en hún vildi og hafi hún tjáð honum það. Þá kvað hún ákærða m.a. haft þvaglát á hana í tengslum við kynlíf þeirra og hafi það verið með hennar samþykki. Hún hafi hins vegar ekki samþykkt hrákann.

Ákærði og brotaþoli eru ein til frásagnar um það sem gerðist í umrætt sinn. Telur dómurinn í þessu ljósi að ákæruvaldinu hafi ekki tekist, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa skv. 109. gr. laga nr. 88/2008, að færa sönnur á að ákærði hafi gerst sekur um brot með því að hrækja á brotaþola í kynlífi þeirra. Í ljósi allra atvika málsins liggur að mati dómsins ekki fyrir lögfull sönnun fyrir því að ásetningur ákærða hafi í umrætt sinn staðið til brots. Er hann því sýknaður af þeim þætti þessa ákæruliðar. Þá verður ekki annað séð en að gagnkvæmt samþykki hafi verið til staðar um að ákærði og brotaþoli myndu slá hvort annað í kynlífi sínu. Verður ákærði því einnig sýknaður af þeim þætti þessa ákæruliðar. Varðandi þann þátt ákæruliðarins að ákærði hafi kallað brotaþola *mellu* þá kvaðst brotaþoli fyrir dómi ekki muna hvaða orð ákærði hefði notað í umrætt sinn. Verður ákærði því heldur ekki sakfelldur fyrir það. Þá eru ákærði og brotaþoli ein til frásagnar um það hvort ákærði hafi hæðst að frammistöðu brotaþola í kynlífsathöfnum þeirra. Telur dómurinn í þessu ljósi að ákæruvaldinu hafi ekki tekist, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa skv. 109. gr. laga nr. 88/2008, að færa sönnur á að þann þátt þessa ákæruliðar. Með vísan til alls þessa er ákærði því sýknaður af broti gegn umræddum lið ákæru.

Í ákærulið I 9) er ákærða gefið að sök að hafa í eitt skipti í mars 2020, á heimili ákærða og brotaþola, læst brotaþola inni á baðherbergi þrátt fyrir að vita að hún var lág í sykri, hlegið að henni og farið með börnin niður á hæðina fyrir neðan, með þeim afleiðingum að hún óttaðist um líf sitt. Ákærði neitar sök. eru ákærði og brotaþoli ein til frásagnar um það sem gerðist í umrætt sinn. Telur dómurinn í þessu ljósi að ákæruvaldinu hafi ekki tekist, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa skv. 109. gr. laga nr. 88/2008, að færa sönnur á að hann hafi gerst sekur um umrætt brot. Er því ákærði sýknaður af broti gegn umræddum ákærulið.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið er það niðurstaða dómsins að sýkna ákærða af þeim brotum sem lýst í ákæruliðum I 2) til I 9). Hins vegar er komist að þeirri niðurstöðu að ákærði hafi gerst sekur um hluta þess brots sem honum er gefið að sök í ákærulið I 1), þ.e. að hafa gripið um háls brotaþola og þrengt að með þeim afleiðingum að hún átti í erfiðleikum með að kyngja í nokkra daga og hlaut maráverka á hálsi.

Brot í ákærulið I 1) er í ákæru talið varða við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga og auk þess 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Var brotið framið árið 2014. 1. mgr. 218. gr. b tók hins vegar ekki gildi fyrr en í lok mars 2016. Verður því brotið ekki eitt og sér fellt undir umrætt ákvæði. Þá er ekki fallist á að uppfyllt séu skilyrði fyrir því að brotið verði fellt undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Er það því niðurstaða dómsins að brot ákærða sem lýst er í umræddum lið ákæru verði fellt undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Hámarksrefsing við broti á því ákvæði eru sektir eða fangelsi allt að sex mánuðum, en fangelsi allt að einu ári, ef háttsemin er sérstaklega vítaværð. Í 81. gr. almennra hegningarlaga kemur fram að sök fyrnist á tveimur árum þegar ekki liggi þyngri refsing við broti en eins árs fangelsi. Er því sök vegna umrædds brots ákærða fyrnd.

Með vísan til þessa er ákærði sýknaður af öllum þeim brotum sem honum eru gefin að sök í I. kafla ákæru.

## *II. kafla ákæru*

Brot ákærða í II. kafla ákæru eru heimfærð undir 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga og 1., sbr. 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, með áorðnum breytingum. Er vísað til þess sem segir hér að framan um 1. mgr. 218. gr. b í umfjöllun um ákærukafla I.

Brotum ákærða í II. kafla ákæru er lýst þannig að hann hafi „endurtekið og á sérstaklega sársaukafullan, meiðandi og alvarlegan hátt, ógnað lífi, heilsu og velferð“ brotþola „með líkamlegu og andlegu ofbeldi, og með þeirri háttsemi sinni ítrekað misboðið þeim þannig að heilsu þeirra var hætta búin, sýnt af sér vanvirðandi háttsemi, ruddalegt og ósiðlegt athæfi gagnvart þeim og móðgað þau og sært *m.a. svo sem hér nánar greinir*“. Erú í framhaldinu talin upp brot ákærða í þremur liðum. Þessi kafla ákæru er að því leyti frábrugðinn I. kafla ákæru að brotin sem þar er lýst eru ekki á sama hátt bundin við einstaka ákæruliði, þ.e. að ekki er sagt í ákæru að meint brot séu framin *svo sem hér nánar greinir*, eins og í I. kafla ákæru, heldur *m.a. svo sem hér nánar greinir*. Getur dómurinn því fjallað um heildarháttsemi ákærða samkvæmt lýsingu í II. ákæru án þess að sú umfjöllun sé bundin við einstaka ákæruliði eins og í umfjöllun um ákærulið I.

Í málinu liggja fyrir skýrslur af brotapolunum C og B í Barnahúsi sem raktar eru hér að framan. Þá liggur fyrir í málinu viðtalsnóta vegna viðtals félagsráðgjafa við þær í Kvennaathvarfinu. Erú framburðir þeirra samhljóða um það að ákærði hafi ítrekað lokað þær systur inni í refsingarskyni. Þá var framburður þeirra einnig samhljóða um að ákærði hafi slegið á fingur þeirra systra í sama skyni. Þá kváðu þær hann einnig slá þær systur í höfuðið. Umræddur framburður þeirra fær *m.a.* stoð í bréfi þáverandi deildarstjóra á leikskólanum [...] sem áður var rakið en þar kemur *m.a.* fram að brotapolinn C hafi talað um það við starfsmenn leikskólans frá því í ársbyrjun 2021 að pabbi hennar væri vondur

og hafi læst hana inni. Þá fær framburður þeirra um þetta stoð í framburði brotaþolans A.

Í ákærulið II 1) er ákærða gefið að sök að hafa í nokkur skipti á sameiginlegu heimili þeirra í [...] og á Íslandi beitt þær allar líkamlegu ofbeldi með því að slá þær á fingur í refsingarskyni. Ákærði viðurkennir að hafa slegið á fingur dætra sinna en segir það ekki hafa verið gert í refsingarskyni heldur hafi þetta verið snerting til að hafa áhrif á hegðun, sem hluti af samræðu. Hann hafi slegið á fingur þeirra með boginni löngutöng eða vísifingri til að ná athygli þeirra og fá þær til að hætta slagsmálum sín á milli. Á framburði brotaþolanna C og B má hins vegar sjá að upplifun þeirra hafi verið sú að með þessu væri ákærði að refsa þeim og fær sú frásögn stoð í framburði brotaþolans A. Telur dómurinn að með vísan til þessa sé komin fram lögfull sönnun fyrir því að ákærði hafi gerst sekur um það brot sem lýst er í ákærulið II 1).

Í ákærulið II 2) er ákærða gefið að sök að hafa í nokkur skipti á sameiginlegu heimili þeirra í [...] og á Íslandi lokað þær allar, saman eða hverja í sínu lagi, inni í herbergi eða þvottaherbergi þar sem þær komust ekki út sjálfar, í refsingarskyni, sem hafi valdið þeim kvíða og vanlíðan. Ákærði viðurkenndi að hafa lokað brotaþola inni. Kvaðst hann hafa notað þessa uppeldisaðferð, *time out*, með þeim hætti sem viðurkennt er. Kvaðst hann hafa notað hana þegar dæturnar voru æstar þannig að hann hafi þá tekið eina þeirra út úr hópnum og látið í einveru í stutta stund til að róa hana niður. Kvað hann þau hjónin hafa staðið saman að því að beita þessari uppeldisaðferð og hafi þau skipst á um að opna aftur fyrir dætrunum.

Brotaþolarnir C og B hafa verið afgerandi í frásögnum sínum sem fyrir liggja í málinu um það að ákærði hafi lokað þær inni í því skyni að refsa þeim. Þá hafa þær sagt að þær hafi orðið hræddar. Fær framburður þeirra um þetta stoð í framburði brotaþolans A. Einnig fær framburður þeirra stoð í fyrnefndu bréfi deildarstjóra á leikskólanum [...], þar sem fram kemur m.a. að brotaþolinn C hafi talað um það við starfsmenn leikskólans frá því í ársbyrjun 2021 að pabbi hennar væri vondur og hafi læst hana inni. Þá fær framburður þeirra stoð í viðtalsnótu starfsmanns Kvennaathvarfsins sem fyrir liggur í málinu. Er með hliðsjón af þessu ekki fallist á þá vörn ákærða að um hafi verið að ræða viðurkennda uppeldisaðferð, enda liggur fyrir að þessi háttsemi ákærða olli brotaþolum bæði ótta og kvíða.

Með vísan til þessa telur dómurinn að komin sé fram lögfull sönnun fyrir því að ákærði hafi gerst sekur um það brot sem lýst er í ákærulið II 2), þ.e. að ákærði hafi á umræddu tímabili lokað þær hverja um sig inni, eins og þar er lýst, í refsiskyni.

Í ákærulið III 3) er ákærða gefið að sök að hafa í eitt skipti í september 2018, í bifreið ákærða og brotaþola í [...], beitt brotaþolann C líkamlegu ofbeldi með því að slá hana flötum lófa í höfuðið. Brotaþolinn C var [...] ára er brotið átti sér stað. Brotaþolinn

B sagði í Barnahúsi að ákærði hefði slegið brotapolann C í andlitið þegar hún var lítil. Kvaðst hún halda að hún hefði séð það en var þó ekki viss um það. Er ákærði og brotapolinn A því í raun ein til frásagnar um það sem gerðist í umrætt sinn. Telur dómurinn með hliðsjón af þessu að ákærvaldinu hafi ekki tekist, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa skv. 109. gr. laga nr. 88/2008, að færa sönnur á að hann hafi gerst sekur um umrætt brot. Er því ákærði sýknaður af broti gegn umræddum ákærulið.

Verður þá vikið að heimfærslu brotanna. Í 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga segir að hver sem beiti barn andlegum eða líkamlegum refsingum, hótunum eða ógnunum eða sýni af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni skuli sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum. Ákærði hefur hér verið fundinn sekur um það brot skv. ákærulið II 1) að hafa beitt dætur sínar líkamlegum refsingum þannig að undan sveið. Þá hefur ákærði verið fundinn sekur um það brot skv. ákærulið II 2) að hafa beitt dætur sínar andlegum refsingum sem ollu þeim bæði óöryggi og kvíða. Er það mat dómsins að bæði þessu brot falli undir umrædda 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga.

Kemur þá til skoðunar hvort umrædd brot og önnur háttsemi ákærða sem falli undir brotalyngu í II. kafla ákæru verði heimfærð undir 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga. Ljóst er að náði samband var milli ákærða og brotþola í skilningi umrædds ákvæðis. Þá liggur fyrir að það var skýr vilji löggjafans að auka vernd barna sem eru í þeirri aðstöðu að lífi þeirra, heilsu eða velferð sé ógnað. Kemur fram í dómi Hæstaréttar í máli nr. 42/2021, þar sem einnig var um að ræða ungan brotþola, að við úrlausn um heimfærslu brotsins til refsíákvæða beri að líta til tengsla brotþola og ákærða og þess rofs sem hafi orðið á trúnaðarsambandi og trausti þeirra í milli vegna ofbeldis ákærða gagnvart honum. Í ljósi þess hve ungar að árum brotþolar í máli þessu eru kemur það því til sérstakrar skoðunar. Þá leiðir ungur aldur brotþola til þess að minni kröfur eru gerðar til alvarleika háttseminnar til að brot verði fellt undir ákvæðið.

Svo sem áður hefur verið rakið voru þau brot sem ákærði hefur hér verið sakfelldur fyrir til þess fallin að valda ungum dætrum hans ótta og kvíða. Þegar litið er til allra atvika, og með hliðsjón af tilgangi 1. mgr. 218. gr. b, telur dómurinn því að fyrir liggir að brot þau sem ákærði er hér sakfelldur fyrir falli undir umrætt ákvæði, þar sem hann ógnaði endurtekið velferð dætra sinna með ofbeldi, hótunum og frelsissviptingu í skilningi ákvæðisins. Tæmir ákvæðið sök gagnvart fyrrnefndum ákvæðum barnaverndarlaga.

## VI

### *Ákvörðun refsingar*

Brot ákærða beindist gegn varnarlausum ungum dætrum hans sem upplifað hafa ótta og kvíða í kjölfar brotanna. Misnotaði hann freklega yfirburðastöðu sína gagnvart brotapolum. Á hann sér engar málsbætur. Hann hefur ekki sætt refsingu áður. Með hliðsjón af öllu þessu verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í þrjá mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð skv. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga.

#### *Einkaréttarkröfur*

Réttargæslumaður brotapolanna B, C og D hefur krafist miskabóta úr hendi ákærða. Hefur ákærði verið sakfelldur fyrir brot í nánú sambandi gagnvart þeim og eiga þær því rétt á miskabótum úr hendi hans á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þá má af málgögnum ráða að brot ákærða hafa haft áhrif á líðan brotþola, svo sem rakið hefur verið. Með hliðsjón af því og málavöxtum öllum verður ákærði dæmdur til að greiða bætur eins og greinir í dómsorði. Bótakröfurnar voru birtar fyrir ákærða í þinghaldi 28. mars 2022 og er upphafstími dráttarvaxta miðaður við það. Þar sem ekki liggur fyrir upphafsdagur brota ákærða gegn brotapolum, né síðasti dagur þeirra, er upphafsdagur vaxta miðaður við þann dag sem kæra var lögð fram í málinu.

Þar sem ákærði er sýknaður af brotum gegn A verður miskabótakröfu hennar vísað frá dómi, sbr. 2. mgr. 176 gr. laga um meðferð sakamála.

#### *Sakarkostnaður*

Ákærði er í máli þessu sýknaður af verulegum hluta þeirra brota sem honum eru gefin að sök. Þá verður honum ekki kennt um að halda þurfti tvær aðalmeðferðir í máli þessu.

Í ljósi þessa verður ákærði dæmdur til að greiða þriðjung sakarkostnaðar málsins, en að tveimur þriðju hlutum skal hann falla á ríkissjóð. Eru þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola sem ákærði er sakfelldur fyrir brot gegn, eins og nánar greinir í dómsorði. Þóknun réttargæslumannsins vegna brotþolans A greiðist hins vegar úr ríkissjóði þar sem ákærði er sýknaður af brotum gegn henni. Við ákvörðun málsvarnarlauna verjanda og þóknana réttargæslumanns er litið til þess að halda þurfti tvær aðalmeðferðir í málinu.

Björn Þorvaldsson, settur dómstjóri, kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í þrjá mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og fellur hún úr gildi tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð skv. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði þriðjung málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Kristjáns Óskars Ásvaldssonar lögmanns, 6.403.050 krónur með virðisaukaskatti, og þriðjung 51.487 króna ferðakostnaðar hans, þriðjung þóknunar Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur, skipaðs réttargæslumanns vegna brotapolanna B, C og D, 2.511.000 krónur með virðisaukaskatti, og þriðjung 190.000 króna ferðakostnaðar hennar. Þá greiði ákærði þriðjung annars sakarkostnaðar, sem er 460.447 krónur. Tveir þriðju hlutar umrædds sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Þóknun Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur, skipaðs réttargæslumanns vegna brotapolans A, 837.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði greiði A, vegna ólögráða dóttur hennar, D, miskabætur að fjárhæð 400.000 krónur auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 10. apríl 2021, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá 28. apríl 2022 til greiðsludags.

Ákærði greiði A, vegna ólögráða dóttur hennar, C, miskabætur að fjárhæð 400.000 krónur auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 10. apríl 2021, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá 28. apríl 2022 til greiðsludags.

Ákærði greiði A, vegna ólögráða dóttur hennar, B, miskabætur að fjárhæð 400.000 krónur auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 10. apríl 2021, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá 28. apríl 2022 til greiðsludags.

Miskabótakröfu A er vísað frá dómi.

Björn Þorvaldsson